

Leiðbeiningar fyrir rafrænan aðalfund Símans

Skráning á rafrænan aðalfund

Skráning á rafrænan aðalfund Símans er einföld. Helstu upplýsingar sem þarf að hafa í huga eru:

- Skráning fer fram á <https://www.lumiconnect.com/meeting/siminn>.
- Á skráningarsíðunni sjálfri þarf að fylla inn í alla nauðsynlega reiti ásamt því að mynd af gildum skilríkjum þarf að fylgja. **Mikilvægt er að fylla inn rétt netfang og símanúmer með landsnúmeri.**
- Þegar skráning hefur verið send inn fær hluthafi staðfestingarpóst um að skráning á aðalfundinn sé móttækin.
- Eigi síðar en 12 klukkutímum fyrir aðalfundinn fær hluthafi tölvupóst þar sem finna má beinan hlekk á fundinn sjálfan. Í tölvupóstinum má finna notendanafn inn á fundinn og lykilorð verður sent með smáskilaboðum (SMS) í það símanúmer sem gefið var upp við skráningu.

Innskráning og kosningar á rafrænum aðalfundi

Einfalt er að kjósa um tillögur og öll önnur mál sem lögð eru fyrir aðalfundinn.

- Klukkutíma fyrir fundinn opnar fyrir innskráningu. Beinan hlekk inn á fundinn má finna í tölvupósti sem borist hafði á það netfang sem upp hafði verið gefið við skráningu.
- Innskráning fer fram með því að fylla inn reitina Username og Password með þínu notendanafni og lykilorði. Notendanafnið má finna í tölvupósti sem borist hefur áður og lykilorðið í smáskilaboðum (SMS) sem send voru í uppgefið símanúmer hluthafa.
- Hægt er að nota snjallsíma eða spjaldtölvu með Lumi AGM appinu sem finna mér í Google Play Store og Apple App Store.
 - Sé app notað í snjallsíma eða spjaldtölvu þarf að stimpla inn fundarnúmerið (meeting ID) sem finna má í staðfestingarpóstinum. (Óþarfi er að nota fundarnúmer sé notast við vafra).
- Listi með öllum tillögum fundarsins og kosningarvalmöguleikum má finna með því að smella á  (súluritar-hnappur).
 - Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtist staðfesting.

- Hægt er að skipta um skoðun og smella á annan valmöguleika á meðan kosning er opin. Sá valmöguleiki sem síðast var valinn þegar kosningu lýkur gildir.
- Ýttu á „Cancel“ til að hætta við.

Sé eitthvað ójóst eða ef upp vakna spurningar er hægt að senda tölvupóst á adalfundur@siminn.is.